

Frá tilnefningarnefnd vegna aðalfundar Haga hf. 2026

Hér má sjá upplýsingar um viðmið tilnefningarnefndar við mat á frambjóðendum til stjórnar félagsins:

- Reynsla af fjármálum
- Rekstrarreynsla
- Lögfræðipækking
- Reynsla af rekstri eigin félaga
- Reynsla af stafrænni þróun
- Reynsla af smásöluverslun og markaðsmálum
- Reynsla af stjórnarsetu
- Reynsla af fasteignamarkaði
- Reynsla af breytingastjórnun og mótun fyrirtækjamenningar
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi stjórnar
- Uppfylla þarf kvaðir sem liggja á Högum, t.d. sátt félagsins við Samkeppniseftirlitið frá 2018

Einnig er horft til samsetningar stjórnar, og eru þar eftirfarandi sjónarmið til álita:

- Að lágmarksfjöldi stjórnarmanna sé óháður félaginu
- Að stjórnin sé með fjölbreytta menntun og reynslu
- Að stjórn uppfylli ákvæði hlutafélagalaga um kynjahlutföll í stjórn
- Að viðhalda stöðugleika í rekstri Haga, þ.e. að ekki séu of miklar breytingar á stjórn hverju sinni

Tilnefningarnefnd Haga hf.